



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

## Sjálfsmat skólaárið 2005 – 2006



Skýrsla sjálfsmatshóps unnin sumarið 2006

Umsjón: dr. Unnar Örn Þorsteinsson

## Efnisyfirlit

	bls
Matsyfirlit .....	4
Aðgerðaráætlun .....	5
Inngangur .....	7
Aðferð við mat .....	9
Þróun matstækja .....	11
Val þátttakenda.....	13
Gagnasöfnun .....	14
Greining gagna .....	16
Útkoma .....	17
Almenn braut .....	17
Kennara/áfangamat.....	17
Opin spurning í áfangamatinu .....	26
Um jafnrétti.....	26
Tölvu- og upplýsingatækni .....	26
Forvarnir.....	27
Hlýtt á nemendur.....	27
Skýrslur deilda.....	27
Um virðisauka .....	29
Niðurstöður/umræða.....	30
Lokaorð og ábendingar.....	34
Heimildir.....	36
Viðauki (sjá hefti með viðaukum).....	00
Viðauki 1 Kennaramat/Áfangamat.....	00
Viðauki 2 Almenn braut .....	00
Viðauki 3 Jafnrétti.....	00
Viðauki 4 Tölvu og upplýsingatækni – nemendur .....	00
Viðauki 5 Tölvu og upplýsingatækni – kennarar .....	00
Viðauki 6 Forvarnir/Lífsstíll .....	00
Viðauki 7 Rödd nemenda .....	00
Viðauki 8 Skýrsla samfélagssviðs 2005-2006 .....	00
Viðauki 9 Skýrsla málavíðs 2005-2006.....	00
Viðauki 10 Skýrsla raungreinasviðs 2005-2006 .....	00
Viðauki 11 Dreifing einkunna.....	00
Viðauki 12 Skammtíma sjálfsmatsáætlun.....	00
Viðauki 13 Langtíma sjálfsmatsáætlun.....	00

# Matsyfirlit/helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður úr sjálfsmati við Flensborgarskólann í Hafnarfirði skólaárið 2005 – 2006 eru eftirfarandi:

## Áfangamat – Málasvið

- Kennarar eru opnir fyrir skoðunum nemenda.
- Kennarar láta það sig varða hvort nemendur skilji námsefnið.
- Það er vinalegt andrúmsloft í kennslustundum.
- Kennarar skapa góðan vinnuanda í kennslustundum.
- Kennarar koma fram við nemendur af virðingu.
- Kennarar setja sjaldan út á nemendur í viðurvist annarra.
- Kennarar hvetja nemendur til þess að tjá skoðun sína í kennslustundum.
- Kennarar hvetja nemendur til þess að spyrja spurninga.
- Kennarar virka hvetjandi.
- Kennarar telja að framlag nemenda í kennslustundum skipti máli.
- Kennarar eru sanngjarnir.
- Kennsluaðferðir kennara virðast henta nemendum vel.
- Kennarar útskýra námsefnið vel.
- Kennarar hrósa nemendum þegar þeir hafa unnið vel.
- Kennarar hvetja nemendur til þess að gera sitt besta.
- Verkefni virðast hjálpa nemendum að skilja námsefnið.

## Jafnrétti

- 55% starfsmanna telja sig ekki fá laun í samræmi við ábyrgð og umfang starfsins
- 62% starfsmanna telja að launajafnrétti ríki í skólanum.
- 77% starfsmanna telja að konur og karlar eigi sömu möguleika í starfi.
- 60% starfsmanna telja sig eiga möguleika á þróun í starfi.
- 77% starfsmanna segja starfið samræmast vel fjölskyldulífi og frítíma.
- 59% starfsmanna segja að skólinn sé fjölskylduvænn vinnustaður.
- 45% starfsmanna segja að vinnutími sinn sé sveigjanlegur.
- 21% starfsmanna telja jafnréttisstarfið innan skólans nægjanlega áberandi.

## Rödd nemenda

- MySchool er notað til þess að nálgast verkefni, glósur og glærur.
- Fleiri kennarar mættu nota MySchool.

## Forvarnir/Lífsstíll

- Nemendur virðast almennt temja sér heilbrigðan lífsstíl.
- 53% nemenda verja minna en einni klukkustund í heimanám á dag.

## Tölvu- og upplýsingatækni

- Kennarar vilja að skólinn tryggi þeim aðgang að tölvum, ritvinnsluforriti (office), skjávarpa, prentara, skanna, ljósritunarvél, DVD spilara og teikni- og myndvinnsluforriti.
- 57% kennara finnst tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans yfirhöfuð ekki góð.
- Nemendur vilja að skólinn tryggi þeim aðgang að tölvum, ritvinnsluforriti (Office), skjávarpa, prentara, skanna, ljósritunarvél og teikni- og myndvinnsluforriti.
- 40% nemenda finnst tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans yfirhöfuð góð.

## Skýrslur deilda

- Kennarar í íþróttagreinum vilja stofna íþróttakademíu.
- Bæta þarf tölvubúnaðinn í stofu 8.
- Vinnuumhverfi við verkefnaskil og einkunnir í MySchool þarf að bæta.
- Raungreinakennarar vilja bjóða upp á LÍF 123 og STÆ 262.
- Vel gengur að vinna með sleppikerfi við einkunnagjöf í tungumálum.
- Íslenskukennarar vilja að stafsetning verði tekin inn í kennslustundir og lokapróf í íslensku.
- Enskudeildin óskar eftir áskrift að OED online.
- Lagt er til að settur verði upp OCR búnaður við skanna skólans sem ræður við fleiri tungumál en ensku.

## Aðgerðaáætlun

Nemendur skólans hafa tekið virkan þátt í kynningum á skólanum í grunnskólum bæjarfélagsins. Sérdeildin hefur unnið markvisst að meiri félagslegri og námslegri blöndun sérdeildarnemenda við aðra nemendur skólans. Reynt hefur verið að gera sérdeildina sýnilegri innan veggja skólans og út á við. Boðleiðir milli almennra kennara og sérdeildar eru skýrari og þekking á málefnum sérdeildarinnar virðist hafa aukist. Tekist hefur að fá hjúkrunarfræðing til starfa við skólann. Tenging er komin á milli Innu og MySchool, innranets skólans. Innranet skólans og Inna eru kynnt nemendum í upphafi náms þeirra í skólanum. Raungreinakennarar hafa unnið með problem based learning kennsluaðferðir. Ekki er útlit fyrir annað en að ný viðbygging við skólann verði tilbúin haustið 2006. Miklar vonir eru bundnar við viðbygginguna og má reikna með að öll aðstaða í skólanum batni með tilkomu hennar. Mætingakerfið í skólanum hefur verið endurskoðað. Í töflugerð er tekið tillit til þarfa þeirra kennara sem stunda nám með starfi sínu.

Niðurstöðum kennaramatsins verður komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að niðurstöður liggja fyrir. Skólameistari og aðstoðarskólameistari koma til með að eiga viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmathópsins að niðurstaðan úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Í framhaldi af afhendingu gagna verður lögð áhersla á að kennarar skoði niðurstöðurnar ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð.

Allt bendir til þess að jafnréttismál innan Flensborgarskólans í Hafnarfirði séu í ágætu lagi. Hins vegar kom í ljós að nokkuð stórt hlutfall svara féll undir liðinn hvorki né í þó nokkuð mörgum spurningum. Því er rétt að endurtaka verkefnið á næsta skólaári með útkomu þessa verkefnis að leiðarljósi.

Um 57% kennara eru annaðhvort mjög ósammála eða ósammála því að tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans sé yfirhöfuð góð. Um 40% nemenda eru annaðhvort frekar sammála eða sammála því að tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans sé yfirhöfuð góð. Því er lagt til að reynt verði að bæta tölvu- og upplýsingatækniþjónustu við kennara skólans eins mikið og mögulegt er. Lagt er til að tölvukostur skólans verði bættur, starfsmenn fái aðgang að fleiri tölvum og vinnuaðstaða starfsmanna verði bætt.

Nemendur nota MySchool til þess að nálgast verkefni, glósur, glærur og tilkynningar sem varða fög þeirra. Nemendur nota Innu til að fylgjast með mætingu og finnst þær upplýsingar sem þar er að finna fullnægjandi. Nemendur benda á að fleiri kennarar mættu nota MySchool. Því er lagt til að kennarar verði hvattir til þess að nota MySchool meira.

Lagt er til að kennarar í íþróttagreinum innan skólans hefji undirbúning að stofnun íþóttaakademíu í skólanum. Tölvun í stofu 8 er afar hægvirki og því er lagt til að úr því verði bætt. Bent er á að MySchool henti ekki nægilega vel fyrir verkefnaskil og einkunnir. Því er lagt til að vinnuumhverfi við verkefnaskil og einkunnir innan MySchool verði bætt. Kennarar hafa áhyggjur af slakri mætingu og slökum skilum nemenda á verkefnum. Nemendur virðast ekki sinna vinnu við ritgerðir sem skyldi og missa því af þeirri mikilvægu þjálfun sem slík vinna er. Lagt er til að reynt verði að bæta vinnubrögð nemenda við ritgerðasmíð. Þar að auki er erfitt er að hafa í tímum nemendur sem ekki sinna náminu og trufla kennslu. Bæði líffræði- og stærðfræðikennarar gera það að tillögu sinni að bjóða nemendum, sem ekki ráða við núverandi áfanga, upp á aðra áfanga eins og LÍF 123 og STÆ 262.

Í tungumálum hefur í auknum mæli verið tekið upp einhvers konar sleppikerfi sem felur í sér að nemendur sem ná 7 út úr kaflaprófum og verkefnum á önninni þurfa ekki að taka lokapróf í viðkomandi áfanga. Lagt er til að stafsetning verði tekin aftur inní kennslustundir og lokapróf í íslensku. Frönskukennari skólans vill fá nýja kennslustofu, og enskudeildin óskar eftir áskrift að Oxford English Dictionary Online. Auk þess er lagt til að settur verði upp OCR búnaður við skanna skólans sem ræður við fleiri tungumál en ensku.

## Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólastarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á hugmyndum Kurt Lewine um “Action Research” (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefni, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2005 voru Einar Birgir Steinþórsson skólameistari, Magnús Þorkelsson aðstoðarskólameistari, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Sigríður Friðriksdóttir kennari í raungreinum, Guðrún Á. Guðmundsdóttir kennari í fjölmiðlun, Lilja Héðinsdóttir kennari í ensku, Hrefna Geirsdóttir kennari í íþróttagreinum. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta, stjórna könnunum, afla gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslu. Unnar Örn Þorsteinsson stýrði vinnu sjálfsmatshópsins.

Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram höfðu komið. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var framkvæmt áfangamat á málsviði skólans. Á vorönninni var sjálfsmatsáætlun fylgt frekar eftir og gögnum safnað um almennu námsbrautina en það starf hófst á haustönninni. Einnig stóð til að vinna verkefnið hlýtt á kennara á vordögum. Hætt var við það að svo stöddu vegna sérstakrar stöðu skólans í húsnæðismálum. Vera má að verkefnið verði lagt fyrir snemma á haustönninni 2006. Staðan í tækni-og tækjamálum var skoðuð, athugun var gerð á lífsstíl nemenda og að síðustu var fjallað um virðisauka í námi nemenda.

Verkefnið Hlýtt á nemendur var unnið með hefðbundnum hætti en þar var ætlunin að skoða hvaða breytingar nemendur vilji helst sjá í kennsluaðferðum kennara. Að síðustu

var gerð athugun á stöðu jafnréttis innan skólans að beiðni skólameistara. Áfangamatið fólst í því að nemendur voru fengnir til þess að svara spurningalista um viðhorf þeirra til kennslu og náms á málasviði skólans. Reynt var að miða við fimm stiga kvarða ( + + 0 - -) og var skoðað hvorum megin við 0 svörin féllu; þau svör sem féllu mínus megin voru álitin veikleiki en þau svör sem féllu plús megin voru álitin styrkleiki (Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004). Almenna námsbrautin var skoðuð í þeim tilgangi að draga fram helstu styrkleika og veikleika hennar (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005).

## Aðferð við mat

Gerðar voru tvær kannanir sem tengdust sjálfsmati á haustönninni 2005. Sú fyrri sneri að kennaramatinu sem lagt var fyrir um miðjan nóvember (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1). Sú síðari sneri að athugun á stöðu almennu deildarinnar innan skólans (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005), en gagnasöfnun hófst um mánaðarmótin nóvember/desember með viðtölum við kennara sem hafa unnið við almennu deildina en störfuðu ekki við deildina skólaárið 2005 – 2006 (viðauki 2).

Jafnréttisverkefnið var lagt fyrir snemma í febrúar árið 2006 en hugmyndina að því verkefni fékk skólameistari frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Verkefnið var unnið með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Markmiðið með verkefninu var að reyna að leggja mat á stöðu jafnréttismála innan skólans (viðauki 3).

Upplýsingatækniverkefnið var lagt fyrir um miðjan febrúar árið 2006. Verkefnið var unnið með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Markmiðið með verkefninu var að reyna að meta stöðu upplýsingatækni innan skólans með tilliti til væntanlegs flutnings í nýtt húsnæði skólaárið 2006 – 2007 (viðauki 4; viðauki 5).

Athugun á almennu deildinni var haldið áfram á vorönninni með viðtölum við þá kennara sem störfuðu við deildina skólaárið 2005 – 2006. Þá voru spurningar sendar til nemenda almennu deildarinnar. Þá tóku forystumenn almennu deildarinnar viðtöl við foreldra þeirra nemenda sem stunda nám við almennu deildina og þau gögn voru notuð við þetta mat. Gagnasöfnun þessari verður lokið með viðtölum við nemendur almennu deildarinnar haustið 2006 (viðauki 2). Markmiðið með þessu verkefni er að reyna að draga upp raunhæfa mynd af stöðu almennu deildarinnar innan Flensborgarskólans í Hafnarfirði.

Athugun á stöðu forvarna og lífsstíls meðal nemenda var lögð fyrir á vordögum 2006. Tilgangurinn með verkefninu var að styrkja þekkingargrunn til þess að stuðla frekar að heilbrigðum lífsstíl meðal nemenda (viðauki 6).

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á tungumálabraut sem eingöngu voru kenndir á vorönn, en um var að ræða fjóra áfanga. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluaðferðir falla að þörfum nemenda (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat



skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1).

Að venju var verkefnið Hlýtt á nemendur lagt fyrir í lok vorannar 2006, auk þess sem til stóð að leggja fyrir verkefnið Hlýtt á kennara (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Markmiðið með þessum verkefnum er að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá viðhorfum nemenda og kennara (viðauki 7).

Með skýrslum deilda var reynt að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brottfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla, 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 8; viðauki 9; viðauki 10).

Þó að samræmd stúdentspróf í íslensku, ensku og stærðfræði hafi verið felld út úr löggjöf um framhaldsskóla er ekki ætlunin að fella kaflann um virðisauka náms út úr sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði að svo stöddu. Meginástæðan fyrir því er að vera má að í framtíðinni verði komið á einhvers konar samræmdum verkefnum í framhaldsskólum landsins.

Aðferðin við matið byggðist á eftirfarandi þáttum:

Þróun matstækja

Vali á þátttakendum

Gagnasöfnun

Greiningu gagna

## Þróun matstækja

Við kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki 1). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og einni opinni spurningu. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku samkvæmt leiðbeiningum Maxwell (1996) (a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forþróaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forþrófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forþrófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Whitley 1996; Creswell 2001).

Matið á almennu námsbrautinni byggðist á viðtölum við kennara, nemendur og forráðamenn þeirra nemenda sem í deildinni voru, auk annarra kannanna sem lagðar voru fyrir viðeigandi viðföng (Denzin og Lincoln 1998; Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Whitley 1996; Creswell 2002). Sjálfsmatsstjóri vann verkefnið í samvinnu við skólameistara.

Mat var lagt á stöðu tölvu-og upplýsingatækni í skólanum með aðstoð Zoomerang (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Sjálfsmatsstjóri vann verkefnið í samvinnu við umsjónarmann tölvumála í skólanum, skólameistara og aðstoðarskólameistara.

Við athugun á stöðu jafnréttis innan Flensborgarskólans í Hafnarfirði var stuðst við upplýsingar úr sams konar verkefni sem unnið var af Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Frekari upplýsingar og dýpkun á verkefninu var sótt í skýrslu Tækifærisnefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnnum fyrirtækja (Þórunna Jónsdóttir 2005). Sjálfsmatsstjóri vann verkefnið í samvinnu við skólameistara.

Athugun á stöðu forvarnamála við skólann var byggð á þjónustu Zoomerang, svipaðs verkefnis sem lagt var fyrir á Akureyri og lífsstílsverkefnis sem lagt var fyrir í Danmörku (SSP – Samarbejde; Forudsætning og organisation, bls 28 – 32; <http://www.zoomerang.com>). Forvarnafulltrúi, hjúkrunarfræðingur skólans og sjálfsmatsstjóri stóðu að vinnu við verkefnið sem lagt var fyrir á vordögum 2006.

Tilhögun og framsetning skýrslna deilda var sótt að mestu í 23. grein framhaldskólalaga frá 1996. Auk þess var stuðst við þá þróun sem á þeim skýrslum hefur orðið síðustu ár (Sjálfsmat skólaárið 2001 - 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003;

Sjálfsmat skólaárið 2004 - 2005). Kennarar skólans, fagstjórar og sviðsstjórar unnu skýrslur deilda út frá leiðbeiningum frá sviðsstjórum, skólameistara og sjálfsmatsstjóra.

Nemendur skólans þreyttu samræmd stúdentspróf í íslensku, stærðfræði og ensku skólaárið 2004 - 2005. Ætlunin var að nýta upplýsingar úr þessum prófum til þess að segja eitthvað til um virðisauka í námi nemenda við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. En forsendur mælinga á virðisauka eru að próf fari fram árlega, að gagnaskráning sé rafræn, að nemendur og kennarar hafi sínar kennitölur, að fjöldi nemenda í hverju prófi, frá hverjum skóla sé nægilegur til þess að marktæk tölfræðileg úrvinnsla geti farið fram að búin sé til mælistika sem geti mælt virðisauka í námi nemenda (Doran 2003). Framkvæmd samræmdra prófa gekk ekki sem skyldi haustið 2005 og engin samræmd próf fóru fram vorið 2006. En samræmd próf í núverandi mynd voru felld úr löggjöf um framhaldsskóla vorið 2006 (mbl.is, 5. apríl, 2006).

## Val þátttakenda

Við kennara/áfangamatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum málabrautar (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002 ; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 - 2005). Allir kennarar almennu námsbrautarinnar sem ekki kenndu við hana á síðustu önn, voru teknir í viðtöl. Allir kennarar almennu námsbrautarinnar, sem kenndu við hana skólaárið 2005 – 2006, voru teknir í viðtöl. Foreldrar og forráðamenn nemenda við almennu deildina voru teknir í viðtöl af forystumönnum almennu námsbrautarinnar (Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996 (b), McNiff 2001). Allir nemendur almennu námsbrautarinnar fengu sendar spurningar með aðstoð <http://www.zoomerang.com> varðandi viðhorf þeirra til náms, aðstöðu og félagslífs í skólanum (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Allir nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans fengu sendar spurningar með aðstoð <http://www.zoomerang.com> varðandi stöðu upplýsingatækni í skólanum (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Allir kennarar og aðrir starfsmenn skólans fengu sendar spurningar með aðstoð <http://www.zoomerang.com> varðandi stöðu jafnréttismála innan skólans. Flestallir nemendur áttu kost á því að taka þátt í Hlýtt á nemendur-verkefninu. Hlýtt á kennara-verkefnið var ekki lagt fyrir kennara skólans á vorönn 2006 eins og gert var ráð fyrir í sjálfsmatsáætluninni fyrir skólaárið 2005 – 2006 (Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005). Kennarar voru beðnir um að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Framhalsskólalög 1996).

## Gagnasöfnun

Áfangamatskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2005. Þessi könnun var endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis voru kenndir á vorönn 2006. Þeir kennarar, sem tóku þátt í henni, fengu afhent umslag með spurningablöðum og miða fyrir upplýsingar um áfangann, um hvaða hóp var að ræða og hvaða kennara. Kennarinn afhenti nemendum spurningablöðin í kennslustund og nemendur svöruðu. Kennarinn setti miðann útfylltan með upplýsingunum um áfangann í umslagið. Einn nemandi í hópnunum var fenginn til þess að safna saman spurningablöðunum og setja þau í umslagið. Viðkomandi nemandi afhenti umslögin með útfylltum svarblöðum á skrifstofu skólans (Creswell 2001; Sjálfsmat skólaárið 2001 - 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 - 2005). Sjálfsmatsstjóri vann tíðnitöflur og aðra tölfræði, skólameistari og aðstoðarskólameistari unnu úr opnu spurningunni í áfangamatinu. Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn. Kennarar skrifuðu sjálfsmatsskýrslur sínar um hvern áfanga fyrir sig. Síðan komu kennarar einstakra deilda saman og skrifuðu sameiginlega sjálfsmatsskýrslu fyrir viðkomandi deild. Sjálfsmatsskýrslur kennara tóku mið af þróunar- og nýbreytnistarfi innan deildarinnar, samstarfi og samskiptum við aðra, kennsluáætlunum, brottfalli og prófum. Þessum skýrslum var komið til skólameistara og sjálfsmatsstjóra á vorönn 2006 (Framhaldsskólalög 1996; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996 (b); McKeachie 1999; McNiff 2001).

Þátttakendur í matinu á almennu námsbrautinni voru teknir í viðtöl í lok nóvember og byrjun desember haustið 2005. Haldið var áfram með þessi viðtöl á vorönn 2006. Þátttakendur fengu opnar spurningar sem sneru að því hvað vel er gert innan deildarinnar og hvernig bæta mætti starfið enn frekar. Viðtölin voru tekin upp og færð á rafrænt form auk þess sem þau voru skráð (Flanagan 1949; Flanagan 1954; Fullan; 1999; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005).

Öllum nemendum skólans var boðin þátttaka í forvarna/lífsstíls könnuninni. Nemendur, sem Flensborgarskólinn veitir netfang, fengu rafpóst þar sem þeim var boðin þátttaka í könnuninni. Með rafpóstinum var krækja sem leiddi þátttakendur inn á vefsíðu með nokkrum fjölvalsspurningum um forvarnir og lífsstíl. Þátttakendur svöruðu spurningunum rafrænt og sendu þær til Zoomerang sem vann tíðnidreifingu fyrir hverja

spurningu með sjálfvirkum hætti. Útkomu úr opnum spurningum í könnuninni var safnað saman með aðstoð Zoomerang.

Jafnréttisverkefnið og verkefnið um upplýsingatækni voru lögð fyrir með sama hætti og forvarna/lífsstíls könnunin. Verkefnið Hlýtt á nemendur var lagt fyrir með venjubundnum hætti á vorönn 2006. Ætlast var til að nemendur tíunduðu að minnsta kosti tvö jákvæð atriði og tvö neikvæð atriði sem vörðuðu efni viðkomandi hóps. Í hverjum hópi var hópstjóri og ritari sem sá um skráningu svara. Að verkefnavinnu lokinni skiluðu nemendur niðurstöðum sínum á skrifstofu skólans. Inn í þessa skýrslu eru teknar athugasemdir nemenda varðandi MySchool og Innu. Verkefnið Hlýtt á kennara var ekki lagt fyrir að þessu sinni (viðauki 7).

## Greining gagna

Eftir að söfnun gagna úr kennara/áfangamatinu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að skrá gögnin. Áður en gögnin voru skráð tóku sjálfsmatsstjóri og skólameistari öll óútfyllt svarblöð úr umslögunum. Eftir að skráningu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að skilgreina breytur, búa til tíðnitöflur og línurit fyrir hverja spurningu. Skólameistari sá um að taka saman svör nemenda við opnu spurningunni og koma þeim upplýsingum til viðkomandi kennara. Sjálfsmatsstjóri vann greiningu gagna varðandi mat á almennu námsbrautinni. Sjálfsmatsstjóri vann greiningu gagna varðandi stöðu jafnréttismála innan skólans með aðstoð þjónustu Zoomerang. Sjálfsmatsstjóri vann greiningu gagna varðandi mat á stöðu upplýsingatækni innan skólans með aðstoð þjónustu Zoomerang. Sjálfsmatsstjóri vann greiningu gagna varðandi forvarnar/lífsstíls könnunina með aðstoð þjónustu Zoomerang. Skrifstofa skólans sá um greiningu gagna varðandi Hlýtt á nemendur en sjálfsmatsstjóri, skólameistari og aðstoðarskólameistari sáu um frekari greiningu þeirra gagna. Sviðsstjórar lásu skýrslur deilda og flokkuðu þau gögn.

# Útkoma

Almenn braut  
Kennara/Áfangamat  
Jafnrétti  
Upplýsingatækni  
Forvarnir/lífsstíll  
Hlýtt á nemendur  
Skýrslur deilda  
Um virðisauka


Almenn braut

Rétt þykir að benda á að gagnasöfnun fyrir almennu brautina lýkur ekki fyrir en á haustönn 2006. Frekari úrvinnsla og útkoma verður ekki birt fyrr en í sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2006 – 2007.

Kennara/Áfangamat

Breyturnar fyrir fjölvaspurningarnar fyrir kennaramatið voru flokkaðar sem *oftast*, *oft*, *stundum*, *sjaldan*, *næstum aldrei*, *á ekki við*, *ógreinilegt* og *ólesið*. Fyrsta spurning var um kyn og voru 51% þátttakenda karlar og 49% voru konur. Útkoman úr fyrstu spurningu kemur fram á mynd 1.


## Mynd 1






Önnur spurning hljóðaði svo: „Kennarinn var opinn fyrir skoðunum nemenda.“ Áttatíu og eitt prósent svara féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Prósentuhlutfall fyrir hverja breytu í spurningu tvö kemur fram á mynd 2.

### Mynd 2




Þriðja spurningin hljóðaði svo: „Kennarinn lét sig varða hvort nemendur skildu námsefnið.“ Sjötíu og níu prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr spurningu þrjú kemur fram á mynd 3.

### Mynd 3




Fjórða spurningin var svohljóðandi: „Það var vinalegt andrúmsloft í kennslustundum.“ Sjötíu og níu prósent svara féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman er sýnd á mynd 4.

#### Mynd 4




„Kennarinn skapaði góðan vinnuanda í kennslustundum“ var spurningin í fimmta lið. Féllu 72% svara í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr fimmtu spurningu birtist á mynd 5.

#### Mynd 5




Sjötta spurning var svohljóðandi: „Kennarinn kom fram við nemendur af virðingu.“ Áttatíu og þrjú prósent svara féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr sjöttu spurningu sést á mynd 6.

### Mynd 6




Sjöunda spurning hljóðaði svo: „Kennarinn setti út á nemendur í viðurvist annarra.“ Sjötíu og eitt prósent svara féllu í flokkana *næstum aldrei* og *á ekki við*. Útkoman birtist á mynd 7.

### Mynd 7




Áttunda spurningin var: „Kennarinn hvatti nemendur til þess að tjá skoðun sína í kennslustundum“ og féllu 68% svara í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr áttundu spurningu kemur fram á mynd 8.

### Mynd 8




Níunda spurningin hljóðaði svo: „Kennarinn hvatti nemendur til að spyrja spurninga.“ Sjötíu og fjögur prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr níundu spurningu kemur fram á mynd 9.

### Mynd 9




„Kennarinn virkaði hvetjandi“ var spurningin í tíunda lið, og féllu 72% svara í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr tíundu spurningu birtist á mynd 10.

### Mynd 10




Ellefta spurning var svohljóðandi: „Kennaranum fannst framlag mitt skipta máli í kennslustundum“ og féllu 65% svara í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr elleftu spurningu sést á mynd 11.

### Mynd 11




Tólfta spurning hljóðaði svo: „Kennarinn var sanngjarn.“ Sjötíu og sex prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr tólftu spurningu kemur fram á mynd 12.

### Mynd 12




„Kennsluaðferðir kennarans hentuðu mér vel“ var þrettánda spurningin. Sextíu og fimm prósent svara féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr þrettánda spurningu birtist á mynd 13.

### Mynd 13




Fjórtaða spurningin var: „Kennarinn útskýrði námsefnið vel.“ Sjötíu og sex prósent svara féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr fjórtaðu spurningu kemur fram á mynd 14.

### Mynd 14




„Kennarinn hrósaði nemendum þegar þeir höfðu unnið vel“ var spurningin í fimmtánda lið og féllu 73% svara í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr fimmtánda spurningu birtist á mynd 15.

### Mynd 15




„Kennarinn hvatti mig til að gera mitt besta“ var spurningin í sextánda lið og féllu 71% svara í flokkana *oftast* og *oft*. Útkoman úr sextánda spurningu birtist á mynd 16.

### Mynd 16



Sautjándi spurning hljóðaði svo: „Verkefni áfangans hjálpuðu mér við að skilja námsefnið betur.“ Sextíu og sex prósent svara við þeirri spurningu féllu í flokkana *oftast* og *oft*. Úrkoman úr sautjándi spurningu kemur fram á mynd 17.


### Mynd 17





Eins og fram kemur í mynd 18 höfðu flestir þátttakenda eða 46% lokið 0–35 einingum; 31% höfðu lokið 36–71 einingu; 14% höfðu lokið 72–107 einingum og 7% þátttakenda höfðu lokið 108 einingum eða meira. Svör frá 2% þátttakenda um einingafjölda féllu í flokkinn *ólesið eða ógreinilegt* (sjá viðauka 2).

### Mynd 18



### Opin spurning í áfangamatinu

Í áfangamatinu var ein opin spurning þar sem nemendum gafst kostur á að koma fram athugasemdum. Skólameistari og aðstoðarskólameistari fóru yfir öll blöðin, skráðu niður athugasemdir sem síðan var komið til kennara í viðtölum þegar farið var yfir niðurstöður matsins. Ekki var tekin saman nein sérstök tölfræði um fjölda athugasemda. Athugasemdir/umsagnir nemenda, sem komu fram á þennan hátt, voru nær undantekningarlaust málefnalegar og í samræmi við svör þeirra að öðru leyti í spurningalistanum.

Þar sem áfangamatið á málsviði kom almennt vel út þá kemur ekki á óvart að athugasemdir nemenda eru almennt á mjög jákvæðum nótum, hrós um einstaka kennara, kennsluaðferðir eða áfanga.

## Jafnrétti

Meirihluti kennara telur að launajafnrétti kynjanna ríki í Flensborgarskólanum í Hafnarfiriði. Jafnréttisverkefnið segir okkur að konur og karlar í Flensborgarskólanum eigi sömu möguleika í starfi. Meirihluti kennara telur að þeir eigi góða möguleika á þróun og að starfið samræmist vel fjölskyldulífi og frítíma þeirra. Hins vegar er meirihluti kennara fremur ósammála eða mjög ósammála því að þeir fái laun í samræmi við ábyrgð og umfang starfs síns. Að síðustu er rétt að benda á að nokkurt hlutfall þátttakenda merkti við liðin hvorki né í nokkuð mörgum spurningum.

## Tölvu- og upplýsingatækni

Tölvu- og upplýsingatækni er orðin stór þáttur í starfi nemenda og kennara. Nemendur og kennara vilja aðgang að myndvinnsluhugbúnaði og stærðfræðihugbúnaði ásamt Microsoft Office hugbúnaðinum. Flestir þátttakendur vilja biðja um tölvuþjónustu með aðstoð internetsins. Um 57% kennara eru annað hvort mjög ósammála eða ósammála því að tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans sé yfirhöfuð góð. Aftur á móti eru 40% nemenda frekar sammála eða sammála því að tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans sé yfirhöfuð góð. Bæði nemendur og kennarar telja að betri tölvur, fleiri tölvur og betri vinnusvæði muni bæta tölvu- og upplýsingatækni skólans.

## Forvarnir/lífsstíll

Meirihluti nemenda virðist lífa heilbrigðu lífi og tekur þátt í skipulegu félagsstarfi innan skólans eða utan. Svo virðist sem 27% nemenda vinni ekki með námi en 17% nemenda vinni meira en 15 klukkustundir á viku með námi sínu. Að síðustu virðist sem 53% nemenda verji minna en 1 klukkustund á dag í heimanám.

## Hlýtt á nemendur

Nemendur fjölluðu um Innu, MySchool, félagslíf, fjarvistir – skólasókn, námsmat og nýtt húsnæði í verkefninu Hlýtt á nemendur. Nemendur nota Innu til að fylgjast með mætingu, og finnst þær upplýsingar sem þar er að finna fullnægjandi. Nemendur álíta að betra sé að val fari fram undir leiðsögn kennara frekar en að þeir sjái sjálfir alfarið um

valið með aðstoð Innu. Nemendur nota MySchool mest til þess að nálgast verkefni, glósur, glærur og tilkynningar sem varða fögin þeirra. Nemendur benda á að fleiri kennarar mættu nota MySchool. Almenn séð eru nemendur ánægðir með störf NFF. Hins vegar þurfi að gera betur grein fyrir útgjöldum NFF, og að uppfæra megi vefsíðu NFF oftari. Nemendur telja að mætingakerfið sé ósannngjarnt gagnvart þeim sem verða veikir og að ekki eigi að taka mætingu inn í einkunnagjöf einstakara áfanga. Nemendur nefna einhvers konar sleppikerfi sem áhugaverðan kost við námsmat. Nemendur hafa miklar væntingar til nýrrar viðbyggingar skólans.

### Skýrslur deilda

Skýrslur deilda voru unnar af kennurum fyrir haustönnina og sendar til fagstjóra sem síðan tóku saman skýrslur fyrir sviðsstjóra. Helstu atriði sem tekin voru saman úr skýrslum félagsgreina:

Í skýrslu íþróttagreina kemur fram að íþróttabrautin sé að vaxa. Bendir fagstjóri á að með tíð og tíma gæti verið möguleiki á að stofna íþróttakademíu við skólann svipaða íþróttakademíunni í Reykjanesbæ.

Í skýrslu viðskiptagreina kemur fram, annað árið í röð, að tölvan í stofu 8 sé afar hægvirki og að kennarar þurfi helst að mæta 10 mínútum fyrir upphaf tímans til að geta hafið kennslu á eðlilegum tíma. Kennarar deildarinnar vonast því til að fá kennslustofu með hefðbundnum lágmarksútbúnaði til kennslu næsta vetur. Í því felst meðal annars að hafa tölvu sem þarf ekki að „ýta í gang“. Einnig kemur fram að kennarar deildarinnar hafi notað innra net skólans þónokkuð en ekki fundist kerfið henta nægilega vel fyrir verkefnaskil og einkunnir.

Þann 4. maí var samþykkt lagafrumvarp menntamálaráðherra sem meðal annars gerir ráð fyrir nýrri stúdentsbraut, viðskipta- og hagfræðibraut. Lögin öðluðust þegar gildi. Skólum er heimilt að kenna eftir áfangalýsingum í viðskipta- og hagfræðigreinum sem gerðar voru síðasta sumar vegna styttingar náms til stúdentsprófs. Það er von kennara deildarinnar að nám í viðskipta- og hagfræðigreinum glæðist á næstu árum með tilkomu nýju stúdentsbrautarinnar.

Í skýrslu félagsgreina kemur fram að mæting nemenda hafi verið vandamál eins og í öðrum greinum á þessari önn þar sem veikindi hafi verið mikil. Skil nemenda á

verkefnum er einnig slök og hafa kennarar í félagsgreinum áhyggjur af þeirri þróun. Ekki kom að sök að önnin væri styttri en venjulega þar sem kennarar vissu þetta alla önnina og gátu skipulagt kennsluna miðað við það.

Í skýrslu sögudeildar koma fram áhyggjur af vinnubrögðum við ritgerðir. Margir nemendur ráða illa við ritgerðir og sinna ekki sem skyldi þeirri mikilvægu þjálfun sem slík vinna er.

Helstu atriði úr skýrslum raungreina: Örlítill stytting skólaárs vegna nýbyggingar virðist ekki hafa haft nein afgerandi áhrif á kennslu. Lengra upplestrarfrí skilaði sér ekki í betri einkunnum. Sumir tala jafnvel um lélegri einkunnir. Of mikið fall nemanda á lokaprófi og helst það í hendur við lélega vinnu þeirra á önninni. Bent er á erfiðleika á að hafa í tíma nemendur sem alls ekkert erindi eiga í þetta nám og hafa hvorki þroska né vilja að reyna að gera eitthvað, trufla kennslu og gera öðrum lífið leitt.

Bæði líffræði- og stærðfræðikennarar gera það að tillögu sinni að bjóða nemendum sem ekki ráða við núverandi áfanga upp á aðra áfanga eins og líf 123 og stæ 262.

Helstu atriði úr skýrslum tungumála: Nýtt námsefni var tekið upp í grunnáföngum í frönsku, dönsku og þýsku. Nemendur vinna verkefni með nemendum í Danmörku og á Spáni. Þýskudeild og frönskudeild hafa í auknum mæli tekið upp símat þar sem nemendur sem ná einkunninni 7 út úr kaflaprófum og verkefnum á önninni þurfa ekki að taka lokapróf í viðkomandi áfanga.

Mjög illa gengur að fá nemendur til þess að mæta í stöðupróf og stuðningstíma í íslenskri stafsetningu. Í ljósi þessa hefur verið rætt um að taka stafsetningu aftur inn í kennslustundir og lokapróf í íslensku.

Starfsmenn skólans binda miklar vonir við nýja viðbyggingu skólahússins. Notkun MySchool virðist aukast. Frönskukennari skólans vill fá nýja kennslustofu. Enskudeildin óskar eftir áskrift að Oxford English Dictionary Online. Þörf er á betri OCR búnaði við skanna skólans sem ræður við fleiri tungumál en ensku.

Um virðisauka

Löggjafinn hefur ákveðið að fella samræmd stúdentspróf niður í því formi sem þau hafa verið síðastliðin ár. Hins vegar telur sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði ekki rétt að fella kaflann um virðisauka endanlega út úr sjálfsmati skólans.

## Niðurstöður/Umræða

Áfangamatið var lagt fyrir málasvið skólans í lok haustannar og endurtekið í lok vorannar fyrir þá áfanga sem ekki voru kenndir á haustönn. Útkoman bendir ekki til þess að þörf sé sérstakra aðgerða fyrir málasvið. Sjálfsmatsstjóri sá um að skrá gögnin en hingað til hafa þau verið send til námsmatsstofnunar til skönnunar. Ástæðan fyrir breyttu fyrirkomulagi var vinnuálag á námsmatsstofnun (rafpóstur 27.10.2005; hinni@namsmat.is).

Nú er lokið áfangamati fyrir allar námsbrautir skólans og því er rétt að staldra aðeins við og athuga hvort ekki sé rétt að gera einhverjar breytingar á fyrirkomulagi áfangamatsins. Lagt er til að skólaárið 2006 til 2007 verði áfangamatið lagt fyrir Félagsfræðabraut skólans. Lagt er til að matið verði lagt fyrir samkvæmt eftirfarandi fyrir sögnum; kennslan, aðstaða til náms, félagslíf og lýðfræðilegar upplýsinga í stað þess að horfa eingöngu á kennarann.

Kennarar virðast sammála því að tölvu- og upplýsingatækniþjónusta skólans sé yfirhöfuð ekki nógu góð. Nemendur virðast aftur á móti vera ánægðari með tölvu- og upplýsingatækniþjónustu skólans. Því er lagt til að tölvukostur skólans verði uppfærður, bætt verði við tölvum og vinnuaðstaða fyrir nemendur og kennara verði bætt. Ásamt hefðbundnum Microsoft Office hugbúnaði verði settur upp stærðfræði og myndvinnsluhugbúnaður á tölvur skólans.

Almennt virðast nemendur Flensborgarskólans í Hafnarfirði lifa heilbrigðu lífi og taka þátt í skipulegu félagsstarfi innan skólans eða utan. Auk þess að spyrja almennt um forvarnir og lífsstíl var líka spurt um næringu. Í ljós kom að 72% nemenda eru mjög sammála eða frekar sammála því að nýtt mötuneyti bjóði upp á hollan mat. Því er lagt til að í mötuneytinu verði boðið upp á hollan mat unninn úr góðu hráefni.

Nemendur nota MySchool til þess að sækja verkefni, glósur, glærur og tilkynningar er varða fög þeirra. Því er lagt til að kennarar skólans verði hvattir til þess að auka samskipti sín við nemendur skólans með aðstoð MySchool. Þar sem það kemur fram í verkefninu Hlýtt á nemendur að þeir telji betra að val fari fram undir leiðsögn kennara er ekki lagt til að tilraun verði gerð til þess að nemendur framkvæmi val sitt sjálfir með aðstoð Innu.

Rétt þykir að benda á að gagnasöfnun fyrir almennu brautina lýkur ekki fyrr en á haustönn 2006. Fyrstu viðbrögð við athugun á almennu námsbrautinni eru þau að kennarar eigi að reyna að leysa þau mál sem upp kunna að koma með eins mikilli lagni og þeim er auðið. Frekari úrvinnsla og útkoma verður ekki birt fyrr en í sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2006 – 2007.

Skýrslur deilda voru unnar af kennurum fyrir haustönnina og sendar til fagstjóra sem síðan tóku saman skýrslur fyrir sviðsstjóra. Helstu atriði sem tekin voru saman úr skýrslum félagsgreina:

Í skýrslu íþróttagreina kemur fram að íþróttabrautin sé að vaxa. Bendir fagstjóri á að með tíð og tíma gæti verið möguleiki á að stofna íþróttakademíu við skólann svipaða íþróttakademíunni í Reykjanesbæ. Svo virðist sem sviðin þrjú; félags- mála- og náttúrufræðisvið hafi tekið eigin stefnu hvað varðar gerð sjálfsmatsskýrslna. Mikilvægt er þó að miða gerð sjálfsamatsskýrslna við tillögu sem fram kemur í 23. grein laga um framhaldsskóla frá árinu 1996.

Rétt einu sinni ennþá kemur fram í skýrslu viðskiptagreina að tölvan í stofu 8 sé afar hægvirkt og að kennarar þurfi helst að mæta 10 mínútum fyrir upphaf tímans til að geta hafið kennslu á eðlilegum tíma. Þar sem þessi ábending hefur komið nokkuð oft fram þykir rétt að leggja til að tækjakostur í stofu 8 verði yfirfarinn sérstaklega og gerðar viðeigandi úrbætur eða ábendingar. Einnig kemur fram að kennarar deildarinnar hafi notað innra net skólans þónokkuð en ekki fundist kerfið henta nægilega vel fyrir verkefnaskil og einkunnir.

Ný stúdentsbraut, viðskipta- og hagfæðibraut, var samþykkt með lögum þann 4.maí. Það er von kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum að stúdentspróf af viðskipta- og hagfræðibraut dragi fleiri nemendur til skólans og styrki þar með aðrar deildir enn frekar.

Kennarar í félagsgreinum hafa áhyggjur af skilum nemenda á verkefnum. Einnig virðist sem erfitt sé að koma á reglum um mætingu sem tekur á öllum þeim vandamálum sem koma upp. Jafnvel þó að vorönnin hafi verið styttri en venjulega virðist það ekki hafa komið niður á námsárangri nemenda. Félagsgreinakennarar álíta að ástæðan sé sú að þetta hafi verið ljóst í upphafi annar og kennarar hafi getað skipulagt námið með öðrum hætti. Sögukenningar hafa áhyggjur af vinnubrögðum við ritgerðir. Margir

nemendur ráða illa við ritgerðir og sinna ekki sem skyldi þeirri mikilvægu þjálfun sem slík vinna er.

Að mati raungreinakennara hafði stytting skólaárs vegna nýbyggingar ekki nein afgerandi áhrif á kennslu. Aftur á móti telja raungreinakennarar að lengra upplestrarfrí hafi ekki skilað sér í betri námsárangri. Sumir tala jafnvel um lélegri einkunnir. Of mikið fall nemanda á lokaprófi helst í hendur við lélega vinnu þeirra á önninni. Bent er á erfiðleika á að hafa í tíma nemendur sem alls ekkert erindi eiga í þetta nám og hafa hvorki þroska né vilja að reyna að gera eitthvað, trufla kennslu og eru öðrum til ama. Einn raungreina kennari gerði tilraun með „Problem based learning“-verkefni sem virðast hafa gengið vel. Bæði líffræði- og stærðfræðikennarar gera það að tillögu sinni að bjóða nemendum sem ekki ráða við núverandi áfanga upp á aðra áfanga eins og líf 123 og stæ 262.

Nýtt námsefni var tekið upp í grunnáföngum í frönsku, dönsku og þýsku. Samstarfsverkefni eru við skóla í Danmörku og á Spáni. Þýskudeild og frönskudeild hafa í auknum mæli tekið upp símat þar sem nemendur sem ná einkunninni 7 út úr kaflaprófum og verkefnum á önninni þurfa ekki að taka lokapróf í viðkomandi áfanga. Mjög illa gengur að fá nemendur til þess að mæta í stöðupróf og stuðningstíma í íslenskri stafsetningu. Í ljósi þessa hefur verið rætt um að taka stafsetningu aftur inn í kennslustundir og lokapróf í íslensku.

Starfsmenn skólans binda miklar vonir við nýja viðbyggingu skólahússins, bæði hvað varðar aðstöðu nemenda til félagsstarfa og aðstöðu starfsmanna til almennrar kennslu. Notkun MySchool virðist aukast. Vera má að gott væri að samræma framsetningu efnis í MySchool betur þar sem nemendur kvarta yfir því að kennarar setji ekki sömum upplýsingar undir sömu fyrirsögnum. Frönskukennari skólans vill fá nýja kennslustofu. Ensudeildin óskar eftir áskrift að Oxford English Dictionary Online. Þörf er á betri OCR búnaði, sem ræður við fleiri tungumál en ensku, við skanna skólans.

Um virðisauka

Í grein sinni „Adding Value to Accountability“ dregur Doran (2003) fram helstu þætti sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að mögulegt sé að mæla virðisauka í námi nemenda. Þar heldur hann því fram að forsendur mælinga á virðisauka séu að próf fari fram árlega,

að gagnaskráning sé rafræn, að nemendur og kennarar hafi sínar kennitölur, að fjöldi nemenda í hverju prófi frá hverjum skóla sé nægilegur til þess að marktæk tölfræðileg úrvinnsla geti farið fram og loks að búin sé til mælistika sem geti mælt virðisauka í námi nemenda. Þegar á reyndi lágu þessar upplýsingar ekki fyrir. Auk þess hefur löggjafinn ákveðið að fella samræmd stúdentspróf niður í því formi sem þau hafa verið síðastliðin ár. Hins vegar telur sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði ekki rétt að fella kaflann um virðisauka endanlega út úr sjálfsmati skólans.



## Lokaorð, umræða og ábendingar

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2005 – 2006 fór fram áfangamat fyrir málasvið skólans og skólaárið 2006 – 2007 fer fram áfangamat fyrir félagsgreinasvið skólans. Hlýtt á nemendur er verkefni sem lagt er fyrir á hverju vori. Bætt hefur við sams konar verkefni sem heitir Hlýtt á kennara. Verkefni, sem snúa að forvörnum og lífsstíl nemenda, eru nokkuð oft lögð fyrir, auk þess sem önnur sjálfsmatsverkefni eru lögð fyrir hagsmunaaðila skólans eftir því sem þurfa þykir og tækifæri gefast til.

Þó svo búið sé að fella samræmd stúdentspróf úr löggjöf um framhaldsskóla þykir ekki ástæða til þess að fella hugmyndir um mælingu virðisauka alveg út úr þessari skýrslu. Vera má að tækifæri til þessara mælinga séu nú þegar fyrir hendi með athugun á rafrænum skráningum um námsmat í Innu. En í grein sinni „Adding Value to Accountability“ dregur Doran (2003) fram helstu þætti sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að mögulegt sé að mæla virðisauka í námi nemenda. Þar heldur hann því fram að forsendur mælinga á virðisauka séu að próf fari fram árlega, að gagnaskráning sé rafræn, að nemendur og kennarar hafi sínar kennitölur, að fjöldi nemenda í hverju prófi, frá hverjum skóla sé nægilegur til þess að marktæk tölfræðileg úrvinnsla geti farið fram, og að búið sé til mælistika sem geti mælt virðisauka í námi nemenda. Því er rétt að athuga hvort rétt sé að gera tilraun til þess að athuga hvort nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir í Innu til þess að mögulegt sé að meta virðisauka í námi nemenda. Auk þess sem vera má að mögulegt sé að leggja einhvers konar verkefni fyrir nýnema skólans, sem nemendur síðan leysa aftur í lok námstíma síns. Þannig opnast möguleiki til þess að mæla virðisauka út frá svipuðum forsendum og mögulegt er að gera í PISA verkefninu (PISA, 2002; PISA, 2004).

Þó svo allt bendi til þess að jafnréttismál innan Flensborgarskólans í Hafnarfirði séu í lagi, vekur athygli hversu stórt hlutfall þátttakenda merkti við liðinn hvorki né í nokkrum spurningum. Því má vera að rétt sé að gera tilraun til þess að skoða jafnréttismálin aðeins betur á komandi skólaári.

Á vorönn 2006 starfaði hjúkrunarfræðingur við skólann og aðstoðaði meðal annars við hluta forvarnar- og lífsstílsverkefnið sem lagt var fyrir nemendur. Vera má að

rétt sé að breyting verið gerð á forvarnar- og lífsstílsverkefninu í þá átt að hjúkrunarfræði þjónustan í skólanum verði skoðuð, líkt og gert hefur verið fyrir bókasafnið, námsráðgjöfina, sérdeildina og nú er verið að vinna fyrir hina almennu námsbraut skólans.

Þar sem ekki náðist að leggja verkefnið Hlýtt á kennara fyrir, er lagt til að skoða betur hvaða áherslur kennarar vilja leggja á endurmenntun og starfsþjálfun, sérstaklega hvað varðar tímasetningu námskeiða og tækifæri til þess að sækja námskeið sem kennurum standa til boða. Í verkefninu Hlýtt á nemendur mætti kafa dýpra í kennsluaðferðir og hvaða breytingar nemendur vilja sjá í þeim efnum.

Gagnasöfnun fyrir almennu námsbrautinni hófst haustið 2005, og henni var haldið áfram vorið 2006 samkvæmt skammtíma- sjálfsmatsáætlun skólans (viðauki 11). Gert er ráð fyrir að gagnasöfnun fyrir almennu námsbrautina haldi áfram næstkomandi haust með viðtölum við þá nemendur brautarinnar sem ennþá sækja nám við skólann.

## Heimildir

Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.

Angelo, T.A., & Cross, K.P. (1994). *Classroom Assessment Techniques: A Handbook for College Teachers*. Jossey-Bass. San Francisco. USA.

Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.

Creswell, J.W. (2001). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.

Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.

Doran, H.C. (2004). Adding Value to Accountability. *Educational Leadership*. 61 (3), Nov. 55- 59.

Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.

Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.

Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.

Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. Educational Leadership. Feb. 57-59.

---. (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evaluation*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.

<http://www.zoomerang.com>

Lög um framhaldsskóla frá 1996. Alþingi. Nr. 80. 11. júní.

Mbl.is, 5. apríll, 2006. *Ákvæði um samræmd stúdentspróf verði afnumin*. Sótt í rafrænt gagnasafn Morgunblaðsins þann 11 apríl. Mbl.is/Árvakur hf, 2006.

Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.

- Maxwell, B (1996) (a). „Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments” í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.
- Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). „Translation Verification Procedures” í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.
- McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.
- PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.
- . (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.
- Sanders, J.R. (2000). *Evaluating School Programs: An Educator's Guide*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, Ca. USA.
- Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.
- . Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.
- . Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.
- . Sjálfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.
- Þórunna Jónsdóttir. (2005). *Aukin tækifæri í forystu atvinnulífsins*. Skýrsla Tækifærisnefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um aukinn hlut kvenna í yfirstjórnun fyrirtækja. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.
- Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*. Mayfield Publishing Company. Mountain View, CA. USA.